

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Eyrarflöt 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasi 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að heimilt er að hafa átta íbúðir í húsinu og tvo stigaganga í stað sex íbúða og þriggja stigaganga.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 20. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

REGLUR

um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í fjárhagsvanda.

1. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

2. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2002–2004.

Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2001, 2002 og 2003 og bráðabirgðatölur 1. desember 2004.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun í sveitarfélagi hefur verið umfram 0,5% á tímabilinu og heimild til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2004 er fullnýtt af sveitarstjórn. Þó skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er ekki umfram þrjá íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 200 millj. kr. til sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga telur vera í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna, svo sem vegna íbúafækkunar, tekjusamdráttar eða annarra ástæðna. Við mat á vanda sveitarfélaga skal eftirlitsnefndin meðal annars taka tillit til lykiltalna skv. 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga nr. 374/2001, með síðari breytingum, og annarra viðmiða sem nefndin ákveður.

Telji eftirlitsnefndin þess þörf getur hún í samræmi við III. kafla reglugerðar nr. 374/2001 gert tillögur um úrbætur í rekstri eða gert samning við sveitarfélag um aðgerðir,